

Mánudaginn 20. apríl 1998.

Nr. 161/1998.

Sýslumaðurinn í Kópavogi

(Friðrik Björgvinsson fulltrúi)

gegn

Gunnari Þór Grétarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 8. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. apríl 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. apríl nk. kl. 15. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að í stað gæsluvarðhalds verði hann vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Eins og að framan greinir, var hinn kærði úrskurður kveðinn upp 8. apríl 1998 að viðstöddum varnaraðila, sem lýsti yfir, að hann tæki sér lögmæltan frest til að taka afstöðu til kæru. Í greinargerð varnaraðila fyrir Hæstarétti kveðst hann hafa kært framangreindan úrskurð samdægurs og sent kærana í símbréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur kl. 16.35. Greinargerðinni fylgdi kvittun um símbréfs-sendingu úr símbréfstæki skipaðs verjanda varnaraðila til „Herads-domur Reyk“, en af henni verður ekkert ráðið um símbréfsnúmer viðtakanda.

Í bréfi Héraðsdóms Reykjaness, sem fylgdi kærugögnum til réttarins, segir, að kæra varnaraðila hafi borist dóminum 15. apríl. Nánari eftirgrennslan hefur ekki leitt í ljós, að framangreint símbréf hafi borist dóminum. Samkvæmt því er kæra of seint fram komin, sbr. 2.

mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
